

Nd.

652. Framvarp

til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 7. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.